

Minnisblað, 13 mars 2013

Til: Fræðstjóra

Afrit:

Frá: Guðmundur Sverrisson

Dags.: 13.03.2013,

Málsnúmer: 10021349

Efni: Sameining Engidalsskóla og Víðistaðaskóla

21. apríl 2010 samþykkti bæjarstjórn samhljóða tillögu starfshóps um skólamál í Norðurbæ, en tillagan var eftirfarandi.

Að gefnum þeim forsendum sem starfshópurinn vinnur eftir þá er niðurstaðan sú að starfshópurinn leggur til að Víðistaðaskóli og Engidalsskóli verði sameinaðir í einn skóla eftir valkosti D.

Valkostur D: Skólarnir verði stjórnunarlega sameinaðir en skólastarf verði í húsnæði þeirra beggja. Í Engidalsskóla verði 1. - 4. bekkur úr núverandi skólahverfi en í Víðistaðaskóla 1. - 4. bekkur úr núverandi skólahverfi hans og 5. – 10. bekkur úr báðum skólahverfum. Áætlaður nemendafjöldi í Víðistaðaskóla yrði 559 en í Engidalsskóla 133 skólaárið 2010 – 2011.

Áætlaður sparnaður af þessum tillögum var áætlaður 68 m.kr. þar af var kennslu- og stjórnunarkostnaður áætlaður 31 m.kr. annað starfsfólk 8 m.kr. og húsnæði 29 m.kr. Án húsnæðiskostnaðar var sparnaðurinn því áætlaður 39 m.kr.

Í tillögunni er áætlaður nemendafjöldi á skólaárinu 2010-2011 áætlaður (559+133) 692 nemendur en raunin varð 656 nemendur. Þörfin fyrir breytingar því meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ljóst er að mikill sparnaður hefur áunnist á síðustu árum, þegar við tókum kostnað hvers mánaðar og skiptum upp í skólaár þá sést að heildarkostnaður þessa tveggja deilda hefur lækkað úr 851 m.kr. í 740 m.kr. á milli skólaáranna 2008/2009 og 2011/2012. (verðl. hvers árs)

<i>Þús. kr. – á vl. hvers árs</i>	2008-2009	2009-2010	2010-2011	2011-2012
0 - Tekjur	-22.759	-22.127	-12.683	-10.521
1 - Laun og launtengd gjöld	556.229	578.321	480.822	453.444
3 - Annar rekstrarkostnaður	85.435	77.897	70.108	73.532
4 - Annar rekstrarkostnaður (Innri)	232.495	246.525	214.483	223.632
Samtals:	851.399	880.615	752.730	740.087

Þessi sparnaður er ekki einungis vegna sameiningar skólanna en á tímabilinu var farið í ýmsar aðgerðir og skipulagsbreytingar. Heilsdagsskólinn var færður til Fjölskylduþjónustu, ræsting skólans var boðin út, skiptistundum í kennslu var fækkað, niðurgreiðsla vegna hádegismatar lækkuð o.s.frv.

Þegar við deilum rekstrarkostnaði á nemenda er kostnaðurinn á nemenda 7,6 m.kr. lægri frá skólaárinu 2008/2009 og 2011/2012 en á tímabilinu fækkaði nemendum við skólanna um 92 eða um 12,5%.

	2008-2009	2009-2010	2010-2011	2011-2012
Nemendur	736	697	656	644
0 - Tekjur	-30.923	-31.747	-19.334	-16.337
1 - Laun og launtengd gjöld	755.745	829.728	732.961	704.106
3 - Annar rekstrarkostnaður	116.080	111.760	106.872	114.180
4 - Annar rekstrarkostnaður (Innri)	315.890	353.695	326.955	347.255
Samtals:	1.156.793	1.263.436	1.147.455	1.149.204

Að auki má telja til þann sparnað sem hlýst hefur af því að nýta húsnæðið fyrir leikskólarekstur. Í dag hefur húsnæðinu verið breytt fyrir 5 deilda leikskóla og kostaði um 130. m.kr. en áætlaður kostnaður við nýbyggingu 5 deilda leikskóla er um 300 m.kr.

13. mars.2013

Guðmundur Sverrisson